

1002. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. apríl 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Jón Hrafn Guðjónsson og Árne Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfir farin og samþykkt.

2. Verkefni stjórnar

Gunnar Páll útteildi gagnamöppu til hvers stjórnarmanns. Þetta er hluti af gæðavinnu þar sem unnið er að því að verk stjórnar VR séu tekin saman í verkferla. Áætlað að árlega verði stjórn afhend mappa um verkefni stjórnar og er hún kaflaskipt þannig: *a. Stjórn/ráð b. Lög /reglur c. Ársskýrsla/áætlun d. Heildarsamtök e. Verkefni f. Skrifstofa g. Annað h. Fundargögn.*

Gunnar Páll fór yfir innihald möppunnar og lýstu fundarmenn mikilli ánægju með þetta nýja fyrirkomulag.

3. Verkaskipting stjórnar, skipun í nefndir og ráð

Gunnar Páll fór yfir skjalið, *Verkaskipting stjórnar 2007*, og þær breytingar sem þyrfti að gera á skipan stjórnar. Fundarmenn ákváðu og samþykktu eftirfarandi:

a. Varaformaður - Stefanía Magnúsdóttir

b. Ritari – Jóhanna E. Vilhelmsdóttir

c. Orlofsstjórn – Benedikt Vilhjálmsson, Valur Valtýsson, Bjarndís Lárusdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Margrét Sverrisdóttir. Varamenn: Sigurður Sigfússon, Jóhanna S. Rúnarsdóttir.

d. Framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs – Stefanía Magnúsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Magnússon, Varamenn: Lykke Bjerre Larsen, Jón Hrafn Guðjónsson.

e. Launanefnd – Sigurður Sigfússon, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Eyrún Ingvaldsdóttir

f. Endurskoðunarnefnd – lögð niður

g. Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks – Stefanía Magnúsdóttir VR, Guðrún Erlingsdóttir LÍV, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir VR, Varamenn: óskipað

h. Starfsmenntasjóður verslunarinnar – Stefanía Magnúsdóttir VR, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir LÍV.

i. Gæðaráð VR – Gunnar Páll Pálsson, Andrjes Guðmundsson, Árne Leósson, Elías G. Magnússon, Kristín Sigurðardóttir, Sigurlaug Hilmarsdóttir

j. Kjörstjórn VR – Teitur Lárusson, Magnea Davíðsdóttir, Varamenn: Auður Búadóttir, Steinunn Böðvarsdóttir

4. **Daglegur rekstur skrifstofu**

Gunnar Páll benti á að stjórn feli formanni ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofu VR og vildi auka formfestu þess umboðs. Í því skini var lagt fram skipurit skrifstofu og upplýsingar um starfsvið hvers sviðs. Ennfremur upplýsingar um öryggisstefnu, úrskurðarnefnd sem hefur eftirlitskyldum að gegna og leitast við að tryggja samfellu í afgreiðslu, auk eftirlitsnefndar. Skýrsla um inngríp og endurhæfingu, nýtt vinnulag hjá sjúkrasjóði, jafnréttisstefna, fjárfestingarstefna og áætlun um innri úttektir, menntastefna, starsfmannastefna á skrifstofu ofl. Fundarmenn veittu Gunnari Páli umboð til daglegs rekstur skrifstofu samkvæmt þessum skjölum.

5. **Sjúkrasjóður VR**

Lagðar fram tillögur framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs um breytingar á Reglugerð og Starfsreglum sjúkrasjóðs. Breytingartillögur ræddar og að mestu samþykktar en ákveðið að fá álit lögmanns VR á orðatiltækinu „sammingsbundnar og lögboðnar“ launatekjur og innskoti „á grundvelli skaðabótalaga“ í gr. 10.1 a í Reglugerð og gr. 2.1 í Starfsreglum.

6. **Orlofssjóður VR**

Rennt yfir fundargerð orlofsstjórnar frá 12.03 2008. Benedikt sagði frá því að orlofsstjórn hafi nýlega farið í heimsókn í Miðhús til að skoða breytingar sem virðist hafa heppnast mjög vel. Framkvæmdir eru á áætlun og verða 4 hús tilbúin um mánaðarmót apríl/mái. Kostnaðarliðir er varða pípulagnir og rafmagn reynast hafa hækkað kostnað frá áætlun því m.a. kom í ljós að mýs hefðu náð að naga í sundur einangrun víra. Rennt var yfir upplýsingablað frá Rekstrarsviði, *Orlofshús VR*, þar sem kom fram kostnaður pr. gistinótt í húsum VR og leiguhúsum og kemur í ljós að kostnaður er mestur á Flúðum, Miðhúsum og Minniborg. Skoðuð voru orlofshús og verð á danskri netsíðu.

Gunnar Páll stakk uppá því hvort VR ætti að boða fund með öðrum stéttarfélögum um að stofna sameiginlegt rekstrarfélag um orlofshúsabyggðir félaganna. Var það rætt og samþykkt að boða til slíks fundar eftir að stjórn hefur skoðað orlofshúsabyggðir i væntanlegri Danmerkurferð. Ákveðið að Gunnar Páll og orlofsstjórn setji fram spurningar til að senda á undan okkur til Danmerkur.

7. **Starfsmenntasjóðir**

Stefanía renndi yfir skýrslu og reikninga Starfsmenntasjóðs. Kom fram að haldnir hafi verið 11 fundir í stjórn og að það fyrirkomulag hefði verið sett á að starfsmaður sjóðsins fari yfir umsóknir er snúi að námskeiðum erlendis. Tekjuaukning hefur orðið í sjóðnum en útgjöld standa í stað.

8. **Stefnumótun**

Gunnar Páll sagði frá því að boðað hefði verið til fundar í hádeginu 17. apríl n.k. á Hilton Nordica hóteli með trúnaðarráði og trúnaðarmönnum til að ýta úr vör stefnumótunarvinnu þar sem Gunnar Páll myndi fara yfir stöðuna í dag en án umræðna. Síðan yrði framhaldsfundur kl. 18:00 þann 6. maí n.k. þar sem yrðu umræðuhópar.

9. **Ferð til Danmerkur**

Stefanía fór yfir drög að ferðaáætlun. Flogið verður til Billund 24. maí n.k. en tilbaka 27. maí. Farið verður með rútu til Esbjerg og Det Faglige Hus – stéttarfélag heimsótt og við myndum líka skoða orlofsbyggðir hjá Dansk

Folkeferie. Til stendur að fulltrúar Kristelig fagbevægelse/fagforening komi til fundar við hópinn á meðan á ferðinni stendur.

10. Fjármögnun launakrafna

Gunnar Páll lagði fram tölvubréf frá Elíasi G. Magnússyni, sviðsstjóra kjarasviðs VR, dags. 08.04 2008 þar sem Elías mælist til þess að skoðaðir verði kostir og gallar þess að lána félagsmönnum fjármuni vegna gjaldþrota vinnuveitenda. Upphæðir nema að meðaltali 70-80 milljónum á ári. Tóku fundarmenn jákvætt í þetta og ákveðið að skoða betur.

11. Aðalfundur VR

Gunnar Páll lagði fram minnisblað frá Kristínu Sigurðardóttur, sviðsstjóra samskipta- og þróunarsviðs VR, dags. 07.04 2008. Í ljósi þess að innan við 10 almennir félagsmenn mættu á Aðalfund 2008, og að það endurspegli almenna þátttöku félagsmanna á öðrum félagsfundum, þá stingur Kristín uppá því að næsti aðalfundur VR verði hádegisfundur með léttum hádegisverði, stuttum aðalfundarstörfum og jafnvel áhugaverðum fyrirlestri um þjóðmál. Fundarmenn samþykktu að gera um þetta tilraun á næsta ári.

12. Fjárfestingastefna VR

Jökull H. Úlfsson frá Kaupþing banka hf. hafði sent Sigurlaugu Hilmarsdóttur sviðsstjóra rekstrarsviðs tillögu um að VR taki upp gjaldeyrisvarnir á eignasafn VR. Gunnar Páll stakk uppá að við myndum huga að því að feta okkur inná þessa braut kannski með því að byrja með 5-10% af erlendum eignum. Ákveðið að Gunnar Páll kalli eftir tillögum og sendi svo stjórn í pósti og jafnvel að við fáum fjármálaráðgjafa á næsta stjórnarfund til að fara yfir málið með okkur.

13. Sjúkrasjóður arkitekta og tækniteiknarar

Gunnar Páll rifjaði upp hvernig samkomulag hefði verið gert um að tækniteiknarar yrðu fagfélag í VR en svo hafið komið í ljós að viðsemjendur þeirra, ráðgjafa- verkfræðingar, hafi ekki verið tilbúnir að borga í sjóði VR utan sjúkrasjóð þ.e. ekki í orlofssjóð eða starfsmenntasjóð. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að hvergi standi beinlínis í lögum VR að það verði að borga í þá sjóði. Um þennan dagskrárlið spunnust mjög miklar umræður um stöðu VR, félagsgjöld og þróun stéttarfélagsmála hér og erlendis. Sýndist sitt hverjum en allir voru þó sammála því að það þyrfti á einhvern hátt að bregðast við þróun mála.

14. Verðhækkanir

Í ljósi ástands efnahagsmála lagði Gunnar Páll fram tillögu að opinberri ályktun stjórnar VR sem bar yfirskriftina „Við verðum að ná verðbólgunni niður“, þar sem lýst er yfir þungum áhyggjum af þróun efnahags- og verðlagsmála í kjölfar gengisfalls krónunnar og er skorað á stjórnvöld að beita sér fyrir stöðugleika. Fundarmenn samþykktu þessa tillögu og báðu um að hún færi bæði á heimasíðu og til fjölmiðla.

15. Trúnaðarmenn

Kynntir 7 nýir trúnaðarmenn og 7 til endurkjörs. Engin athugasemd. Samþykkt.

| | | | |
|---|-----------------------|-------------------------------|-----------|
| a | Jóhanna Birgisdóttir | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | Nýr |
| b | Inga Jóhannsdóttir | Húsasmiðjan hf. | Endurkjör |
| c | Árni Eggert Harðarson | Egilsson hf. | Nýr |

| | | | |
|---|------------------------------|---------------------------|-----------|
| d | Snorri Benediktsson | Húsmiðjan hf. | Endurkjör |
| e | Jón Hrafn Guðjónsson | Flügger ehf. | Endurkjör |
| f | Gísli Eyland | Sportís ehf. | Nýr |
| g | Erik Ingvar Bjarnason | PricewaterhouseCoopers hf | Nýr |
| h | Elín Helga Hauksdóttir | Byko hf. | Endurkjör |
| i | Sigurgeir Már Sigurðsson | Byko hf. | Nýr |
| j | Stefán B. Öndarson | Vatíkanið ehf. | Nýr |
| k | Kristján Gunnar Kristjánsson | Lumex ehf. | Nýr |
| l | Jón Magnússon | Hekla hf | Endurkjör |
| m | Dóra Sólrún Kristinsdóttir | Icepharma hf. | Endurkjör |
| n | Guðrún Jóna Valgeirsdóttir | Icepharma hf. | Endurkjör |